

Nd.

228. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Frá stjórnarskrárnefndinni.

1. gr.

Síðari hluti 2. gr. stj.skr. (1. gr. stj.skl. 3. okt. 1903): »Ráðherra Íslands má eigi falið að veita« falli burt; en í staðinn komi: Landsjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á konungs fund.

2. gr.

Á eftir 2. gr. stj.skr. bætist inn ný grein: Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðheilagur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

3. gr.

3. gr. stj.skr. (stj.skl.) falli burt, en í hennar stað komi:

Ráðherrar skulu vera þrír; konungur skipar þá og leysir þá frá embætti. Hann skiftir störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis og stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánara ákveðið með lögum.

Hver ráðherra skrifar undir með konungi ályktanir um þau málefni, er undir hann liggja sérstaklega, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því að málið sé rétt flutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra, sá er mál skal flytja fyrir konungi, fer, þá er nauðsyn krefur, á konungs fund, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

4. gr.

Önnur málsgrein 4. gr. stj.skr. falli burt, en í staðinn komi: Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Þó skal engum embættismanni vikið frá til fullnaðar, nema honum sé áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

4. málsg. 4. gr.: »Með lögum má undanskilja« o. s. frv., falli burt.

5. gr.

8. gr. stj.skr. falli burt; en í hennar stað komi: Konungur getur rofið neðri deild alþingis og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir séu liðnir frá því er hún var rofin og alþingi stefnt saman eigi síðar en næsta ár.

6. gr.

11. gr. stj.skr. falli burt, en í hennar stað komi: Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; eigi mega þó slík lög riða í bág við stjórnarskrána og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir. Samþykki alþingi þau ekki áður en þingi slitur, falla þau úr gildi, enda sé neðri deild eigi rofin áður en lögmæltur þingtími er úti. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykkt af alþingi.

7. gr.

14. gr. stj.skr. falli burt, en í hennar stað komi: Á alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

8. gr.

15. gr. stj.skr. falli burt, en í staðinn komi: Alþingi er 2 deildir: efri deild og neðri deild. Efri deild sitja 15 þingmenn, en neðri deild 25. Breyta má tölum þessum með lögum.

9. gr.

16. gr. stj.skr. falli burt, en í staðinn komi: Þingmenn neðri deildar skulu kosnir til 6 ára, og fer kosning þeirra allra að jafnaði fram samtímis. Þingmenn efri deildar skulu kosnir til 12 ára, þriðjungur þeirra fjórða hvert ár. — Deyi þingmaður neðri deildar meðan á þingtímanum stendur eða fari frá, skal kjósa þingmann í hans stað, en að eins fyrir það tímabil, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti í efri deild, tekur það sæti varaþingmaður, sá er í hlut á.

10. gr.

17. gr. stj.skr. falli burt, en í staðinn komi: Kosningarrétt til alþingis hafa allir karlar og konur, sem eru fullveðja að aldri, þó aldrei yngri en 21.árs, þegar kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sé fjár síns ráðandi, enda hafi eigi þegið sveitarstyrk síðasta árið, nema hann sé endurgoldinn. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan þó eigi kosningarrétt fyrir það.

11. gr.

3. töluliður 18. gr. í stj.skr. falli burt.

12. gr.

(Ný grein). Þingmenn efri deildar og jafnmarga varaþingmenn skal kjósa með hlutfallskosningu í einu lagi fyrir land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nákvæmari reglur um kosningarnar.

13. gr.

19. gr. stj.skr. falli burt, en í staðinn komi: Reglulegt alþingi skal saman koma lögmæltan dag annað hvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukalög sé haldið,

og kveður þá forseti sameinaðs þings alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

Breyta má þessari grein með lögum.

14. gr.

Á eftir 19. gr. stj.skr. komi ný grein svo látandi: Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

15. gr.

1. málsg. 25. gr. stj.skr. falli burt, en í þess stað komi: Fyrir hvert reglulegt alþingi skal, undireins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

16. gr.

26. gr. Stj.skr. falli niður, en í staðinn komi: »Sameinað Alþingi kys 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess að tekjur landsins séu þar allar taldar og að ekkert hafi verið út galdið án heimildar. Þeir geta —, hver um sig eða hverir tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það sem er að liða eða liðið er. Sjái þeir nokkuð að athuga, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

17. gr.

29. gr. Stj.skr. falli niður, en í staðinn komi: »Hvor deild Alþingis um sig sker sjálf úr, hvort þingmenn hennar séu löglega kosnir«.

18. gr.

Aftan við 45. gr. Stj.skr. bætist: »Breyta má þessu með lögum«.

19. gr.

Aftan við 47. gr. Stj.skr. bætist: »Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar, en þeirrar er hann sjálfur aðhyllist; en gjalda skal hann til skóla hin lögboðnu, persónulegu gjöld þjóðkirkjunnar, ef hann sannar ekki, að hann heyri til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur er í landinu.

20. gr.

48. gr. Stj.skr. falli burt, en í hennar stað komi: »Hvern þann sem tekinn er fastur skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látið laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveðið í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

21. gr.

Aftan við 61. gr. Stj. skr. bætist: »Nú samþykkir Alþingi sambandslög milli Íslands og Danmerkur, og skal þá rjúfa neðri deild og stofna til nýrra kosninga. Samþykki þá alþingi sambandslögin óbreytt, skal bera þau upp fyrir konungi til staðfestingar, ef löggjafarvald hins ríkisins samþykkir þau að sínu leyti.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Í fyrsta sinn, sem kosið er til efri deildar samkv. þessum stjórnarskipunarlögum, skal kjósa 15 þingmenn og 15 varaþingmenn fyrir land alt. Á fyrsta þingi eftir kosninguna skal ákveða með hlutkesti, hverir fari frá eftir 4 ár og hverir eftir 8 ár.

2. Umboð konungkjörinna þingmanna falla úr gildi, þá er kosið hefir verið til Alþingis í fyrsta sinn eftir að þessi stjórnarskipunarlög hafa öðlast gildi.